

## Fundargerð hreppsnefndar 04. maí 2017

Fundur nr. 60 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 4. maí 2017 í Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Einar Björn Kristbergsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir:

1. Menningarmálanefndar dags. 3. apríl 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

2. Hafnarnefndar dags. 4. apríl 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

3. 7. og 8. fundar stjórnar SSA 2017

Lagt fram til kynningar.

4. Aðalfundar SFV (Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu) dags. 3. apríl 2017

Lagt fram til kynningar.

5. 134. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands

Lagt fram til kynningar.

## 6. Um skipulagsmál með Yrki Arkitektum ehf. 30. og 31. mars 2017

Málin rædd en annars lagt fram til kynningar.

## 7. Minnisblað Yrki Arkitekta ehf. varðandi vallahús við íþróttavöll Vopnafjarðar

Málið rætt en síðan var eftirfarandi bókað:

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir að leggja til við skipulags- og umhverfisnefnd að fara í grenndarkynningu vegna fyrirhugaðrar byggingar vallahúss á íþróttasvæði sveitarfélagsins. Grenndarkynningin byggir á 44.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

*[Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag en deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn eða sá aðili sem heimild hefur til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 6. gr., ákveðið að veita megi leyfi án deiliskipulagsgerðar ef framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Skal skipulagsnefnd þá láta fara fram grenndarkynningu. Þegar um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu, sbr. 2. og 3. mgr. 43. gr.] 1)*

*Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. ... 2)*

*Skipulagsnefnd er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillögunu eða hina leyfisskyldu framkvæmd. Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda.*

Byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er falið að vinna gögnin samkvæmt lagana hljóðan og leggja fyrir skipulags- og umhverfisnefnd til meðferðar. Í framhaldi af niðurstöðu skipulags- og umhverfisnefndar verði málið lagt fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Tillagan síðan borin upp og hún samhljóða samþykkt.

## 8. Minnisblað til sveitarfélaga sem reka HAUST

Lagt fram til kynningar.

## 2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

### 1. Stjórn NAUST

Lagt fram til kynningar.

### 2. Vodafone

Stefán Grímur gerði nánari grein fyrir framkvæmdaferli ljósleiðaravæðingar og greindi frá fyrirhuguðum kynningarfundi. Bréfið lagt fram til kynningar.

### 3. Stjórn SSA

Listi yfir forgangsverkefni Vopnafjarðarhrepps yfirfarinn og sveitarstjóra falið að koma honum á framfæri.

## 3. Almenn mál:

### 1. Ársfundur Austurbrúar ses

Samhljóða samþykkt að fundinn sæki Stefán Grímur Rafnsson og fari með umboð sveitarfélagsins.

### 2. SvAust ehf.

Samhljóða samþykkt að sveitarstjóri svari erindinu með jákvæðum hætti.

### 3. Tilboð í gólfefni á íþróttahús

Sveitarstjóri kynnti málið nánar og það síðan rætt. Að umræðu lokinni var bókað:

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir að ganga til samninga við Altis ehf um kaup og lagningu á gólfefni á íþróttahús sveitarfélagsins. Um er að ræða Herculan Blue 8+2 dúk. Þá samþykkir sveitarstjórn að gerðar verði dyr á sal íþróttahússins í samræmi við tillögu frá Böðvari Bjarnasyni, starfsmanni Eflu. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að fela Böðvari Bjarnasyni, starfsmanni Eflu gerð samnings við verktaka og eftirlit með verkinu.

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra ljúka málinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:10.

[Fylgigögn fundar 040517.pdf](#)